

eru félagsmenn í Vinnuveitendafélagi Íslands skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, dýrtíðaruppbót á kaup samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939. Það fyrirkomulagsatriði er haft við útborgun kaupsins, að visitala næsta mánaðar á undan er greidd með grunnkaupi þess mánaðar, sem er að liða, en það breytir ekki samningsskyldu vinnuveitenda að bæta dýrtíð þess mánaðar, sem er að liða, að fullu. Þar eð lög nr. 128 frá 29. des. 1947 tóku ekki gildi fyrr en 1. jan. 1948 hafa þau ekki áhrif á gildi skuldbindinga, sem samkvæmt nefndum samningi eru áfallnar í desember 1947. Félagmenn Vinnuveitendafélags Íslands eru því skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í Dagsbrún, fulla dýrtíðaruppbót samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939, eins og kauplagsnefnd reiknar hana til 31. des. 1947. Þessari skuldbindingu ber vinnuveitendum að fullnægja með því að greiða desember-visitöluna, sem var 328 stig, um leið og þeir greiða verkamönnum grunnkaup janúar-mánaðar 1948. Kröfur stefnanda ber því að taka til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

5. mgr. 5. gr. samnings Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 5. júlí 1947 er rétt skilin þannig, að með grunnkaupi í janúar 1948 ber að greiða dýrtíðarvisitölu kauplagsnefndar fyrir desember 1947, sem er 328 stig.

Málskostnaður fellur niður.

---

Mánudaginn 1. marz 1948.

Nr. 2/1948.

**Alþýðusamband Íslands f. h.  
Verkalýðsfélags Akraness vegna  
kvennadeildar félagsins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**H. f. Ásmundi** (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Agreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.  
Vinnulaun.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. jan. s.l. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags

Akraness vegna kvennadeildar félagsins gegn h/f Ásmundi á Akranesi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að viðurkennt verði, að 5. gr. í samningi milli kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og atvinnurekenda á Akranesi, dags. 9. sept. 1946, sé, með þeirri breytingu, er á henni var gerð með viðbótarsamningi sömu aðilja, dags. 31. júlí 1947, rétt skilin og framkvæmd svo, að stefnda sé skylt að greiða verkakonum, sem vinna við að sauma utan um óverkaðan saltfisk, þegar honum er pakk- að, kr. 2.80 í grunnkaup fyrir hverja klukkustund. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 9. september 1946 var gerður kjarasamningur milli kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og atvinnurekenda á Akranesi, þar á meðal stefnda. Í 1. málsgr. 5. gr. samningsins segir svo:

„Lágmarkskaup í algengri dagvinnu fyrir fullgilda verka- konu skal vera kr. 1.89 fyrir hverja klst. Í aðgerð og uppvöskun á fiski, hirðingu og verkun á hrognum, við þá vinnu, sem erfið er og venja er að karlmenn einir vinni, hreingerningar á bátum og bröggum, svo og eftirtalin störf í frystihúsum; flökun, uppþvottur og vinna í frystiklefum skal greiða kr. 2.65 fyrir hverja klst.“

Með samningi, dags. 31. júlí 1947, milli sömu aðilja, er svo un samið, að öll grunnkaupsákvæði um vinnulaun í nefndum samningi skuli hækka um 15 auru fyrir hverja klst. Ennfremur segir svo í 4. gr.:

„Í 1. málsgr. 5. gr. í samningi verkakvennadeildar (þ. e. ofanritaðra greina) bætist: Á eftir orðinu *frystiklefum* komi: *Söltun á fiski og vinna við óverkaðan saltfisk.*“

Í máli þessu deila aðiljar um það, hvaða kaup skuli greiða konum þeim, er sauma utan um fiskinn, þegar óverkuðum saltfiski er pakk- að. Hafa verkakonur krafizt þess, að fá herra kaup- ið (þ. e. nú kr. 2.80 í grunnkaup) fyrir þá vinnu sem aðra vinnu við óverkaðan saltfisk samkvæmt viðbótarsamningnum frá 31. júlí 1947. Atvinnurekendur, þar á meðal stefndi, vilja hius vegar ekki greiða nema hið almenna verkakvennakaup samkvæmt 5. gr. samningsins frá 9. sept. 1946, þ. e. nú kr.

2.04, fyrir hverja klst. Byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að vinna sú, er konur leysi af hendi, er þær *saumi* utan um óverkaðan saltfisk, sé tvímælalaust „vinna við óverkaðan saltfisk“, og falli því beint undir ákvæði 4. gr. viðbótarsamningsins frá 31. júlí 1947. Telur hann, að við samningsgerðina hafi verið til þess ætlazt, að öll vinna við óverkaðan saltfisk skyldi greiðast hinu herra kaupinu.

Stefndi mótmælir því, að umdeild vinna sé „vinna við óverkaðan saltfisk“, heldur sé þetta aðeins venjulegur saumaskapur. Þetta sé hvorki óþægileg né sérstaklega erfið vinna, t. d. fylgi henni hvorki kuldi né vosbúð. Kveður hann, að þegar framangreindir samningar voru gerðir, hafi herra kaupið miðast við það, að vinna sú, er leyst væri af hendi, væri sérstaklega erfið. Hér hafi verið um að ræða undantekningu frá hinni almennu kaupreglu og megi því ekki færa undir herra kaupið aðra vinnu en þá, sem tvímælalaust eigi þar heima. Bendir hann á, máli sínu til stuðnings, að aðeins sé goldið venjulegt verkakonukaup fyrir að sauma utan um fullþurrkaðan fisk, og sé það þó að ýmsu leyti verri vinna heldur en að sauma utan um óverkaðan fisk.

Stefnandi mótmælir framangreindri málsútlitun stefnda, og telur kulda og ýmislegt vos fylgja því, að sauma utan um óverkaðan saltfisk, og auk þess sé það nokkurs konar fagvinna, sem einungis vanar og röskar konur vinni.

Eftir upplýsingum þeim, er komið hafa fram í máli þessu, er vinnutilhögun þegar óverkaður saltfiskur er pakkaður og metinn sú, að fiskurinn er rifinn úr stafla og saltið slegið af honum. Þá er honum raðað í mót, til þess að fá sem jöfnust knippi, veginn, bundið utan um hvert knippi og það lagt á hæfilega stóran striga og flutt til saumakvinnanna. Konurnar sauma þá strigann að fiskinum, tvær um hvern pakka. Því næst eru pakkarnir færðir frá þeim af saumaborðinu og settir í stæður.

Vinna sú, sem þær konur framkvæma, er sauma strigann utan um fiskpakkana, og umhverfi það, sem hún er framkvæmd í, hlýtur í öllum höfuðdráttum að mótast af vöru þeirri, þ. e. óverkaða saltfiskinum, sem handleikinn er. Verður því að telja, að hún sé vinna við óverkaðan saltfisk, enda

hefur ekki neitt komið fram í máli þessu, er bendi til annarrar málvenju á Akranesi. Og með tilliti til hins víðtæka orðalags á ákvæðum 4. gr. framangreinds viðbótarsamnings frá 31. júlí f. á., „vinna við óverkaðan saltfisk“, verður að líta svo á, enda þótt hér sé um að ræða undantekningarákvæði frá hinum almennu ákvæðum 5. gr. samningsins frá 9. sept. 1946, að umdeild vinna falli undir ofan greind ákvæði 4. gr. fyrrnefnds viðbótarsamnings, þar sem hún er ekki sérstaklega undanskilin. Og þar sem kaup það, sem krafizt er viðurkenningar á fyrir vinnu þessa, er í samræmi við ákvæði nefndra kjarasamninga, ber að taka kröfur stefnanda til greina, og þykir rétt, að stefndi greiði honum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

#### Dómsorð:

Stefnda, H/f Ásmundi, er skylt að greiða félagskonum í verkakvinnadeild Verkalýðsfélags Akraness, sem vinna við að sauma utan um óverkaðan saltfisk þegar honum er pakkað, kr. 2.80 í grunnkaup fyrir hverja klukkustund.

Stefndi greiði stefnanda, Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness vegna kvinnadeildar félagsins, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---